

Lúðvík Geirsson

Frá: Valdís Huld Jónsdóttir - Formaður BSH <valdis@spori.is>
Sent: mánudagur, 8. júní 2026 00:10
Til: Lúðvík Geirsson
Afrit: Stjórn BSH
Efni: Erindi vegna nýs björgunarskips Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

Sæll Lúðvík,

Ég heiti Valdís og fyrir hönd Björgunarsveitar Hafnarfjarðar vil ég hafa samband vegna smíða á nýju björgunarskipi sveitarinnar, sem er nú að nálgast afhendingu.

Undanfarin misseri höfum við unnið markvisst að því að efla sjóbjörgunargetu okkar og er endurnýjun Fiskakletts eitt stærsta verkefni sveitarinnar síðustu ára. Verkefnið hefur verið bæði umfangsmikið og kostnaðarsamt, en jafnframt nauðsynlegt til að tryggja öryggi sjófarenda, viðbragðsgetu á hafsvæðinu og áframhaldandi þjónustu við almenning.

Stefnt er að því að skipið verði afhent í byrjun júlí og er lokaáfangi verkefnisins því fram undan. Við afhendingu fellur til lokagreiðsla sem er verulegur útgjaldaliður og af því tilefni viljum við kanna hvort Hafnarsjóður sjái sér fært að styðja verkefnið með framlagi að 10 milljónum króna.

Stuðningur Hafnarsjóðs myndi hafa veruleg áhrif á möguleika okkar til að ljúka verkefninu með farsælum hætti og tryggja að nýja björgunarskipið geti hafið þjónustu sína samkvæmt áætlun. Skipið mun gegna lykilhlutverki í útköllum á hafsvæðinu, hvort sem um er að ræða aðstoð við vélarvana báta, leitir að einstaklingum í sjó eða önnur álíka verkefni þar sem skjót og örugg viðbrögð geta skipt sköpum.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið á Sjómannadaginn sem var vel skipulagður og var afar ánægjulegt að koma að honum enn á ný.

Með bestu kveðju,
Valdís Huld Jónsdóttir

Formaður Björgunarsveitar Hafnarfjarðar
s:777-9991
valdis@spori.is